



**Framhaldsskólinn
á Laugum**

Sveigjanlegt námsumhverfi Persónubundin námsáætlun

Áfangaskýrsla Þróunarverkefni

**Unnin af verkefnastjórn
Arnóri Benónýssyni
Halli B. Reynissyni
Jóhönnu Eydísí Þórarinsdóttur**

Febrúar 2007

Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	
1. Tilgangur og markmið.....	3
2. Aðdragandi þróunarverkefnisins.....	3
3. Þróunaráætlun.....	4
4. Haustönn 2006.....	5
4.1 Húsnæði.....	5
4.2 Upplýsingatækni.....	6
4.3 Fagaðili.....	7
4.4 Nám nemenda.....	7
4.5 Vinnustofur.....	8
4.6 Starf kennarans.....	8
4.7 Gagnaöflun.....	9
4.8 Umsjón og eftirfylgni.....	11
5. Breytingar við annarskil.....	11
5.1 Stundatafla.....	11
5.2 Námstækni.....	11
5.3 Angel.....	11
5.4 Valnámskeið.....	11
5.5 Tvö kerfi.....	12
6. Framtíðin.....	12
6.1 Kynningarmál.....	12
6.2 Kjaramál.....	12
6.3 Upplýsingatækni og samskipti.....	13
6.4 Stundatöflusmíði fyrir næsta ár.....	13
6.5 Umsjónarkerfi sem hluti af námsumhverfi.....	13
6.6 Endurmenntun.....	13
6.7 Félagslíf – heimavist.....	14
6.8 Sérkennsla.....	14
6.9 Kennsluhættir.....	14
Lokaorð	

Fylgiskjöl:

- Fylgiskjal 1: Drög að starfslýsingu verkefnastjórnar
- Fylgiskjal 2: Nemendakannanir
- Fylgiskjal 3: Kennarakannanir
- Fylgiskjal 4: Minnispunktar frá fundum verkefnisstjórnar
- Fylgiskjal 5: Minnispunktar frá fundum kennara á 1. ári

Inngangur

Á vordögum 2006 var samþykkt að fara í þróunarverkefnið *sveigjanlegt námsumhverfi – persónubundin námsáætlun*.

Þetta er viðamikilið verkefni sem snertir flesta þætta skólastarfsins, þó aðaláherslan sé á breytingar á námsumhverfi og kennsluháttum. Allir starfsmenn og nemendur skólans eru þátttakendur í verkefninu á einhverju stigi og það snertir störf okkar allra. Mikil undirbúningsvinna fór fram áður en til framkvæmda kom. Einnig erum við sífellt að meta stöðuna, huga því sem betur má fara og gera breytingar. Það er ljóst að það þarf að halda vel utanum verkefnið svo það nái að þroskast og blómstra. Allir aðilar þurfa að vera vakandi yfir því að hvetja og styðja hvern annan og sigrast á þeim hindrunum sem við rekumst á.

Þessi skýrsla er áfangaskýrsla eftir aðeins eina önn. Með henni erum við að reyna að gera okkur grein fyrir stöðu verkefnisins á þessum tímapunkti og það ber ekki að skoða hana sem endanlegt mat á þessu nýja námsumhverfi.

1. Tilgangur og markmið

Tilgangur

- Að gera skólann að betri skóla
- Að auka gæði náms við skólann
- Að geta sinnt öllum nemendum skólans á einstaklingsmiðaðan hátt, þar sem tekið er tillit til námsgetu og þroska hvers einstaklings fyrir sig
- Að auka ábyrgð nemandans á eigin námi
- Að auka möguleika nemenda til að hraða námi sínu
- Að búa nemendum námsumhverfi sem undirbýr þá enn betur undir þátttöku í atvinnulífi og frekara nám, m.a. með samfelldum skóladegi
- Að halda betur utan um nemendur félagslega og námslega, m.a. með efldu umsjónarstarfi
- Að beita fjölbreyttari námsaðferðum
- Að auka möguleika kennara til samstarfs og samvinnu
- Að stuðla að framþróun í notkun upplýsingatækni við skólann
- Að auðvelda innra og ytra mat skólans
- Að auðvelda aðlögun skólans að þeirri breytingu sem stytting náms til stúdendspróf hefur í för með sér

Markmið

- Að allur skólinn fylgi fyrirkomulagi *sveigjanlegs námsumhverfis*
- Að allir nemendur stundi nám samkvæmt *persónubundinni námsáætlun*
- Að bæta námsárangur
- Að bæta mætingu og minnka brottfall
- Að bæta líðan nemenda í skólanum
- Að breyta náms- og vinnuumhverfi þannig að upplýsingatækni sé lifandi þáttur í starfsemi skólans
- Að skapa skólanum sérstöðu
- Að auka aðsókn að skólanum
- Að treysta rekstur skólans

2. Aðdragandi þróunarverkefnisins

Undanfarin 3 ár hefur *opin skólastofa* og *einstaklingsmiðað nám* verið notað á almennri námsbraut við Framhaldsskólann á Laugum og því eru flestir kennarar við skólann með reynslu á því sviði. Markmiðið var að gera nemendur meðvitaðri um ábyrgð sína á eigin námi um leið og þeim væri opnuð leið til að læra á sínum eigin hraða miðað við þroska þeirra, fyrri þjálfun í námi, líðan og stöðu, námslegri og ekki síður félagslegri. Nemendur hafa náð mjög góðum árangri þar og með því að útfæra *opna skólastofu* fyrir alla fyrsta árs nemendur næsta vetur og síðar allan skólann með *einstaklingsmiðuðu námi*, væntum við þess að það leiði til enn betri árangurs en í óbreyttu námsumhverfi. Við höfum kosið að kalla þetta breytta umhverfi og fyrirkomulag “ *sveigjanlegt námsumhverfi – persónubundin námsáætlun*”.

Á vörmissiri 2006 unnu Arnór Benónýsson, Hallur B. Reynisson og Sverrir Haraldsson námsráðgjafi að útfærslu á hugmyndinni og kynntu hana öllum kennurum á vordögum. Á starfsdögum í maí og júní tóku allir kennarar og stjórnendur skólans þátt í því að þróa og útfæra hugmyndina áfram. Þessar hugmyndir og tillaga kennarafundar voru sendar til umsagnar í menntamálaráðuneyti. Þaðan bárust jákvæð viðbrögð.

Tillaga kennarafundar var lögð fyrir skólanefnd á fundi hennar þann 7. júní 2006. Hugmyndinni var mjög vel tekið og hún samþykkt, með þeim fyrirvara að fjármagn fengist til framkæmda.

Á kennarafundi 8. júní voru þrír starfsmenn skólans valdir í verkefnastjórn.

Arnór Benónýsson, Hallur B. Reynisson og Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir auk þess sem Valgerður Gunnarsdóttir skólameistari starfar með nefndinni.

Arnór er kennari og tók þátt í að móta almenna námsbraut við skólann, ásamt Sverri Haraldssyni námsráðgjafa, og hefur verið umsjónarmaður hennar frá upphafi. Hallur Birkir er kennari og hefur síðast liðin 6 ár verið áfangastjóri við skólann og staðgengill skólameistara. Jóhanna Eydís er kennari og hefur reynslu af starfi áfangastjóra við Framhaldsskólann á Húsavík og Verkmenntaskóla Austurlands, auk þess að hafa starfað sem námsráðgjafi við VA. Hallur Birkir og Jóhanna Eydís hafa bæði reynslu af að kenna á almennri námsbraut við FL.

Sótt var um styrk í þróunarsjóð framhaldsskóla í júní 2006. Ekki kom styrkur þaðan, en skólinn fékk styrk að upphæð 500.000 kr frá Menntamálaráðuneyti til að hrinda verkefninu af stað.

Verkefnastjórn hefur yfirumsjón með og leiðir verkefnið þau þrjú ár sem það stendur yfir. Hún heldur utan um framvinduna, sér um skipulagningu og skýrslugerð. (Sjá fylgiskjal 1)

3. Þróunaráætlun

Áætlað er að þróunarverkefnið *sveigjanlegt námsumhverfi – persónubundin námsáætlun* taki 3 ár. Í fyrsta áfanga, þ.e. veturinn 2006-2007, er innleitt breytt náms- og kennslufyrirkomulag hjá fyrsta árs nemum. Í næsta áfanga, þ.e. veturinn 2007-2008, á öll kennsla og þar með allir nemendur skólans að vera komnir í þetta nýja námsumhverfi. Þriðji og síðasti áfanginn á að koma til framkvæmda veturinn 2008-2009. Þá er ráðgert að allir vinni samkvæmt *persónubundinni námsáætlun*.

Með *sveigjanlegu námsumhverfi* er átt við að nemendur stundi nám sitt í opnu vinnurými undir verkstjórn kennara, auk þess sem kennarar eru með ákveðna innlagnartíma. Þetta kallar á aðrar og fjölbreyttari námsaðferðir, svo sem uppgötvunarnám, jafninganám, leitarnám, samvinnunám o.s.frv. Með þessu verður skóladagurinn samfelldur og það gefur nemandanum færi á að nýta tíma sinn betur, bæði til náms og tómtunda.

Með *persónubundinni námsáætlun* er átt við að nemandanum sé gert kleyft að stunda nám sitt og haga námshraða sínum út frá þroska, námslegri færni og félagslegri stöðu. Með þessu námsfyrirkomulagi þarf kennarinn á hverjum tíma að vera meðvitaður um stöðu nemanda síns, félagslega og námslega og reiðubúinn að miðla henni til nemenda og forráðamanna ólöggráða nemenda.

Með *sveigjanlegu námsumhverfi* og *persónubundinni námsáætlun* opnast möguleiki til að sinna öllum nemendum sem einstaklingum, bæði þeim sem standa höllum fæti í námi og ekki síður þeim sem búa yfir mestri námslegri færni. Nemendur geta tekið ákveðna námsáfanga eða námsbrautir á þeim hraða sem þeir ráða við og í boði eru hverju sinni.

4. Haustönn 2006

Ýmsar ráðstafanir og framkvæmdir voru nauðsynlegar í upphafi verkefnisins. Hér á eftir verður það helsta týnt til og reynt að varpa ljósi á þá reynslu sem komin er. Við höfum safnað ýmsum gögnum og haldið til haga umræðupunktum. Þar endurspeglast viðhorf og skoðanir nemenda, kennara og verkefnisstjórnar. Verkefnið er viðamikíð og margþætt. Einungis er búið að stíga fyrstu skrefin af mörgum og alltaf eitthvað nýtt að bætast við. Við teljum því litlar forsendur til að leggja mat á verkefnið á þessum tímamarki. Verkefnið þarf að komast lengra og ástandið að verða stöðugra. Við reynum hér að draga fram þau viðhorf og skoðanir sem fram hafa komið á þessari fyrstu önn.

4.1 Húsnæði

Kennslustofur: Breyta þurfti húsnæði í Dvergasteini. Tekinn var niður milliveggur á milli tveggja stofa og sett upp fellihurð. Tilgangurinn var að mynda stórt rými fyrir vinnustofu. Þar gætu ýmist allir nemendur á 1. ári eða hluti þeirra verið við vinnu sína undir verkstjórn 2-3 kennara. Auk þess má nýta kennslustofurnar fyrir innlagnartíma hjá námshópum.

Uppröðun: Borðum í vinnustofu er raðað upp í 4-6 borða vinnustöðvar.

Við höfum gert nokkrar breytingar á uppröðun til þess að aðlaga hana nemendahópnum og vinnuaðferðunum.

Uppröðunin í vinnustofunni hefur reynst mjög vel og gerir nemendur virkari. Þetta auðveldar nemendum að vinna saman og kennurum að vinna með einstökum hópum inni í vinnustofunni. Þetta eykur nálægð nemandans og kennarans og þess vegna verðum við meðvitaðri um stöðu hvers og eins. Þetta skapar ákveðna festu og öryggi hjá þeim nemendum sem eiga nokkuð föst sæti, eins og nemendur á almennri braut Hvít spjöld: Settir voru listar á öll borð í vinnustofunni svo hægt væri að setja upp laus spjöld eða skilrúm. Þetta er gert með það í huga að brjóta hljóð- og sjónlínu nemenda svo þeir verði síður fyrir áreiti og eigi auðveldara með að einbeita sér og til að auðvelda agastjórnun.

Reynslan er sú að kennararnir eru frekar hlyntir hvítu spjöldunum og telja þau skila þeim árangri sem til var ætlast. Misjafnt er hvernig nemendum líkar við þau. Nokkuð hefur verið um kvartanir og við höfum verið að þreifa okkur áfram með því að fjarlægja þau stundum öll eða að hluta. Okkar tilfinning er þó sú að þeir nemendur sem vilja einbeita sér að náminu eru hlyntir því að hafa spjöldin uppi. Það er galli að þurfa að nota vinnustofurnar til hefðbundinnar kennslu (með töflu og skjávarpa) í bland við þetta vinnufyrirkomulag. Dálítið rask skapast af því að taka niður spjöldin og nemendur snúa ekki allir í sömu átt.

Kennaraborð: Það var meðvituð ákvörðun í upphafi að hafa ekki hefðbundin kennaraborð inni í vinnurýminu. Hugmyndin að baki því er að hjálpa kennaranum að losna út úr hinu hefðbunda hlutverki kennarans og færa sig meira yfir í hlutverk verkstjórnandans í vinnustofu. Lítil borð eru þó út við vegg þar sem kennarar geta lagt frá sér tölvur og gögn.

Mörgum kennurum hættir ennþá til að draga litlu borðin út á gólf til að sitja eða standa á bak við þau og geta horft þaðan yfir hópinn.

Hornherbergið: Hornherbergið innaf vinnustofunum er afdrep fyrir kennara og nemendur. Þar eru sófar, hellt er upp á kaffi og tímarit liggja frammi. Einnig er það vinnuaðstaða og þar eru t.d. orðabækur sem nemendur geta nýtt sér.

Hlutverk hornherbergisins hefur verið margþætt og þetta fyrirkomu lag hefur reynst afar vel. Nemendur sækja nokkuð í að fá að sitja þar inni og lesa námsbækurnar, einnig fá þeir að taka sér pásur frá náminu og geta þá sest inn og gluggað í tímarit. Meiningin er að koma upp stærra safni af tímaritum, orðabókum og fræðiritum sem útibú frá bókasafni skólans. Í þessu hornherbergi fara líka fram óformleg samskipti nemenda og kennara. Afleiðing er sú að kennarar hafa minna tækifæri til að taka frímínútur þar sem þeir yfirgefa nemendur, en á móti kemur að meira er um óformleg og jákvæð samskipti við nemendur um annað en það sem snýr að náminu. Áreitið er því meira á kennara, en þetta gæti stuðlað að meiri starfsánægju.

Læstir skápar: Komið var upp læstum bókaskápum fyrir því sem næst alla nemendur á 1. ári í anddyri Dvergasteins. Nemendur fara ekki á milli húsa í kennslustundir og gert er ráð fyrir að þeir nái að klára mestan hluta námsins á skólatíma. Því þurfa þeir ekki að bera bækur milli húsa. Skápunum er ætlað að auðvelda nemendum utanumhald og skipulag á námsgögnum sínum.

Í upphafi var ekki gert ráð fyrir að ráðast í kaup á skápum strax, en á fyrstu dögum haustannar var ljóst að þörfin fyrir þá væri mikil og af þeim yrði mikið hagræði fyrir nemendur. Því voru þeir keyptir strax í september.

Misjafnt er hvernig nemendur nota læstu skápana sína. Það tók nokkurn tíma fyrir nemendur að venjast þeim og sumir nota þá lítið sem ekkert. Athygli vekur að nokkrir nemendur ætla sér ekki að nota þá (Sjá fylgiskjal 2). Fyrir marga er þetta þó til mikils hægðarauka, nemendur tyna síður bókunum, geta skipt um bækur í miðjum tímum os.frv. Sennilega þarf að leggja meiri áherslu á notkun skápanna við nemendur og leiðbeina þeim við notkun þeirra.

4.2 Upplýsingatækni

Angel: Samið var við þá framhaldsskóla sem eru að nota kennsluumsjónarforritið Angel um að ganga inn í þeirra samning um aðgang og afnot af því.

Í ágúst var fenginn aðili frá Framhaldsskóla Snæfellinga til að halda námskeið (tvo hálfra daga) fyrir kennara í kennsluumsjónarforritinu Angel.

Tölvur: Premur borðtölvum og einni fartölvu var komið fyrir í vinnustofum og hornherbergi í Dvergasteini. Einnig var komið fyrir prentara í hornherberginu. Nauðsynlegt reyndist að fara í vinnu við raflagnir í Dvergasteini til að auðvelda tölvutengingar í vinnurýminu.

Unnið er í því að koma virku netsambandi á í matsal og eldhúsi sem liður í því að bæta aðgang starfsmanna að tölvum og auka upplýsingaflæði innan stofunarinnar. Starfsmenn höfðu skamman tíma til að kynna sér og læra á kennsluumsjónarforritið Angel. Það er því misjafnt hvað kennarar eru að nota það mikið. Allt frá því að fresta því alveg um eina önn að taka það í notkun upp í það að vera með kennsluáætlanir og mestan part verkefna þar inni.

Vegna þess að erfiðlega gekk að koma á stöðugu netsambandi í skólanum í haust fór notkun nemenda á Angel hægt og skrikkjótt af stað. Reyndin varð sú að í lok annar voru ennþá nokkrir nemendur sem varla er hægt að segja að hafi verið orðnir virkir notendur.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að efla notkun upplýsingatækni í skólastarfinu og að allir nemendur og starfsmenn hafi góðan aðgang að tölvum. Hefur það tafið framgang þess að upplýsingatækni verði lifandi þáttur í skólastarfinu að hægt hefur gengið að bæta aðganginn hjá öðrum starfsmönnum en kennurum og skrifstofufólki.

Þess ber þó að geta að kerfið var sveigjanlegra en þessi tafla gefur til kynna þar sem einnig var tekið tillit til námsgetu nemenda. Þ.e. þeir nemendur sem stóðu illa námslega tóku færri bóklegar einingar og bættu við sig í staðinn námstækni áfanga og aðrir voru mjög sterkir námslega og bættu við sig bóklegum áfanga/um. Alls voru 54 nemendur skráðir á 1. ár og almenna braut. Þeir voru skráðir í 1003 einingar. Fjórir nemendur heltust úr lestinni og gengu ekki til prófs (7,5% brottfall). Hinir 50 gengu til prófs í 925 einingum (52,9 nemendaígildi) og luku um 2/3 þeirra með viðunandi árangri.

Haustönn 2006	Skráðir nemendur	Skráðar einingar	Til prófs nemendur	Til prófs einingar	Náðar einingar	staðið
Al	22	453	21	436	271,5	62,3%
Fé	18	295	17	274,5	174,5	63,6%
Íþ	8	140	6	105	90	85,7%
Ná	6	115	6	110	75,5	68,6%
alls	54	1003	50	925,5	611,5	66,1%

Fjarvistir þessara nemenda voru um 12% sem er sú sama og gerist á efri árum þar sem verkefnið er ekki hafið og einnig sambærilegar síðustu tveimur árum. Ekki var heldur marktækur munur á mætingu í vinnustofur og innlagnatíma.

Það verður því ekki séð að þetta sveigjanlega námsumhverfi hafi enn haft þau áhrif að bæta mætingar nemenda.

4.5 Vinnustofur

Ýmsar útfærslur og tilraunir voru gerðar með það hvernig nýta mætti vinnustofutímuna sem best til að sinna þörfum hvers og eins nemanda. Má þar nefna að einstakir kennara tóku fámenna hópa nemenda út úr vinnustofu og í aðra stofu við hliðina. Kennarar þróuðu með sér ákveðið samskiptakerfi um það hvernig best væri að koma upplýsingum, t.d. um verkefni, á framfæri þar sem þær væru aðgengilegar bæði nemendum og þeim kennurum sem eru í vinnustofu hverju sinni. Einnig voru kennarar á ákveðnum tímamarki beðnir að leggja mat á stöðu nemenda í sínu fagi og út frá því tekinn saman listi yfir nemendur sem þörfuðust enn meiri eftirfylgni og stuðnings, tímabundið eða til lengri tíma.

Tímarnir í vinnustofu nýtast nemendum til að ráða meiru um hvaða greinar þeir læra á hverjum tíma og eins geta þeir ráðið hversu miklum tíma þeir verja í hverja námsgrein. Sá sem er fljótur að vinna í einni grein og hefur hana vel á valdi sínu getur þá varið vinnustofutímum í greinar sem kalla á meiri vinnu af hans hálfu. Nemandinn verður þannig meðvitaðri um stöðu sína og ber meiri ábyrgð á námsframvinu sinni. Hið sveigjanlega fyrirkomulag sem skapaðist við það að hafa alltaf 2-3 kennara samtímis í vinnustofum hefur reynst vel. Kennarar hafa getað nýtt sér að sinna nemendum á persónubundinn hátt.

4.6 Starf kennarans

Eins og við er að búast kalla þessar skipulagsbreytingar á breytingar á starfi kennarans. Sumar þessar breytingar voru mjög fyrirséðar, en aðrar komu meira á óvart. Á ýmsum stigum ferlisins kemur líka fram óöryggi og andstaða við breytingarnar, bæði hjá kennurum og nemendum. Þetta kemur ekki á óvart enda í eðli allra breytinga.

Kennsluhættir breytast, kennarar hafa helmingi minni tíma með nemendum hvers áfanga sem hópi og meira reynir á verkefnavinnu þar sem nemendur vinna sjálfstætt í vinnustofum. Þar af leiðandi þurfa kennarar að skipuleggja kennslu sína á annan hátt. Mjög fljótlega komu fram áhyggjur kennara yfir því að erfitt væri að halda námsáætlun og komast yfir efnið (Sjá fylgiskjal 3). Þessar raddir lækkuðu þegar leið á önnina og kennarar voru orðnir öruggari með það sem þeir voru að gera. Ennþó eru þó þær raddir uppi að þetta kerfi henti ekki öllum námsgreinum. Strax á fyrsta mánuðinum komu í umræðuna hlutir eins og aukið áreiti, samvinna kennara og viðbrögð kennara í vinnustofum, eins og punktar úr umræðum á fundum verkefnastjórnar bera með sér:

12. sept. Samvinna kennara – hvernig bregðumst við við ef nemandi hefur ekki nóg verkefni.

18. sept. “Umræður um aukin áreiti á kennara, m.a. frímínútur ekki lengur pásá, stöðugt áreiti, allt öðruvísi álag, tekur meiri orku frá manni. Maður stjórnar minna hvað maður gefur af sér.”

25. sept. Þurfum að ræða saman á kennarafundi hvernig við högum okkur í vinnustofu – kennarar oft óruggir á hlutverki sínu. – óöryggi nemenda í nýju námsumhverfi.

9. okt. “kennarar byrjaðir að draga sig í hlé.” Erfiðara fyrir þá sem eru lítið í vinnustofum.

31. okt. Athugasemd – umræður verkefnastjórnar snúast aðallega um hvernig á að nálgast hlutina og koma þeim á framfæri, ekki verið að ræða innihaldið sjálft.

Meiri nálægð, kynnumst nemendum miklu fyrir og við mismunandi aðstæður. Skilin milli kennslu og umsjónar enn meira fljótandi.

Allt eru þetta mjög eðlileg viðbrögð ef lítið er til kenninga í breytingastjórnun.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að auka samvinnu kennara. Sú aðferð að kennarar séu saman 2-3 með vinnustofur gefur tækifæri til meiri faglegrar samvinnu.

Þetta námsfyrirkomulag hefur haft jákvæð áhrif á samvinnu kennara. Nú eru kennarar miklu meðvitaðri um hvað samkennarar þeirra eru að gera. Þegar kennarar eru saman í vinnustofu gefst oft tækifæri til að ræða um fagleg málefni eins og t.d.

kennsluáðferðir og námsmat. Einnig um stöðu einstakra nemenda og upplýsingar og ábendingar sem nýst geta nemendum berast mun greiðar á milli kennara.

Gallinn er sá að þeir kennarar sem lítið eða ekkert kenna á fyrsta árinu standa enn utanvið.

4.7 Gagnaöflun

Leitast hefur verið við að safna ýmsum gögnum um viðhorf og skoðanir nemenda og kennara á þessu nýja námsumhverfi og ýmsu sem því viðkemur. Gerðar hafa verið ýmsar formlegar og óformlegar kannanir.

Umræðufundir með öllum kennurum nemenda á 1. ári voru haldnir tvisvar í mánuði. Þar var skipst á skoðunum og mat lagt á stöðuna hverju sinni.

Matsfundir með nemendum voru tveir á önninni. Í fyrra skiptið hélt Ingvar Sigurgeirsson fundi með nemendum þann 8. nóvember. Seinni fundurinn var morgunverðarfundur í síðasta umsjónartíma 11. desember.

Viðhorfakannanir meðal nemenda:

Eftirfarandi kannanir voru gerðar meðal nemenda á 1. ári.

Fyrsta könnun um viðhorf og líðan í vinnustofum í umsjónartíma 18. september.

Önnur könnun um líðan nemenda í umsjónartíma 9. október.

Þriðja könnun um lotuprófin, árangur og líðan í umsjónartíma 23. október.

Fjórða könnun í umsjónartíma 30. október um aðbúnað og vinnubrögð.
Fimmta könnun í umsjónartíma 13. nóvember. Könnunin frá 18. september endurtekin.

Sjötta könnun var hópumræður í umsjónartíma 20. nóvember um hvernig bæta mætti mætingar nemenda.

Viðhorfakannanir meðal kennara:

Auk umræðufunda voru þrjár formlegar kannanir lagðar fyrir kennara.

Könnun gerð 19. september. Kennarar beðnir að svara spurningum um afköst og viðhorf nemenda og líðan sína í vinnustofum.

Könnun gerð í Angel á fundi í október um afköst, mætingar og líðan.

Í janúar 2007 voru spurningar frá því í október endurteknar.

Tölulegar upplýsingar: Gögnum var einnig safnað um ýmsar tölulegar upplýsingar úr Innu sem varða mætingar og námsárangur.

Helstu ábendingar frá nemendum: (Sjá fylgiskjal 2)

Kostir:

- Líðan nemenda almennt góð í vinnustofum
- Gott að geta ráðið sjálfir hvenær maður lærir hvað í vinnustofum
- Afköstin góð
- Gott að geta klárað því sem næst allt námið á skólatíma
- Góðir kennarar og góð kennsla
- Góð samskipti við kennara og vel hugsað um mann. “Þeim er ekki sama um mann”.

Gallar:

- Erfitt að þurfa sjálfur að skipuleggja sig
- Skóladagurinn byrjar of snemma á morgnana
- Tilfærslur á matartímum
- Of margar vinnustofur
- 60 mínútur of langur tími
- Vantar tilbreytingu í námið og skóladaginn

Helstu ábendingar frá kennurum: (Sjá fylgiskjal 3)

Kostir:

- Afköst og ástundun nemenda góð
- Samvinna og samskipti við aðra kennara í vinnustofum
- Nemendur almennt jákvæðari
- Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt
- Ná betra sambandi við nemendur
- Sjáum fyrir hver námsleg staða nemenda er og auðveldara að grípa inní
- Sveigjanleikinn bíður uppá að aðstoða einstaka nemendur eða nemendahópa
- Spannandi að þróa notkun Angel í kennslunni

Gallar:

- Afköst og ástundun nemenda ekki góð
- Hitta nemendahópinn of sjaldan
- Erfiðara að kynnast nemendum ef maður kennir lítið
- Sumir nemendur ráða illa við að skipuleggja nám í vinnustofum
- Erfitt að halda námsáætlun
- Óöryggi með hlutverk sitt

4.8 Umsjón og eftirfylgni

Þessi þáttur er í höndum verkefnastjórnar. Verkefnastjórnin er með fastan fundartíma einu sinni í viku. Þar er farið yfir stöðuna, brugðist við uppákomum, rætt um framvindu verkefnisins, gerðar áætlanir um næstu skref o.s.frv. (Sjá fylgiskjal 4)

Á u.þ.b. hálfsmánaðarfresti eru umræðufundur verkefnastjórnar og kennara á fyrsta ári. Þar er leitast við að miðla upplýsingum, bera saman bækur sínar, miðla af reynslu til hvers annars og skiptast á skoðunum. (Sjá fylgiskjal 5)

Verkefnastjórnin kynnti þróunarverkefnið á ársþingi samtaka áhugafólks um skólaþróun í Ingunnarskóla í Reykjavík þann 17. nóvember.

Þann 16. desember gerði verkefnastjórnin stutta grein fyrir stöðu verkefnisins á starfsmannafundi.

Það er mat okkar í verkefnastjórninni að samstarf og samskipti við nemendur, kennara, stjórnendur og aðra starfsmenn hafi gengið mjög vel. Verkefnið er gefandi og krefjandi og finnst okkur að nokkuð sé í land með að verkefnastjórnin fái nægan tíma til að sinna starfi sínu nógu vel.

5. Breytingar við annarskil

Í janúar 2007 voru gerðar ýmsar breytingar til að koma á mótis við ábendingar og athugasemdir frá nemendum og kennurum.

5.1 Stundatafla

Stundatöflu var breytt þannig að nú eru allar kennslu- og vinnustundir 40 mínútur í stað 60. Skólabyrjun á morgnana var seinkað um hálf klukkustund, frá 8:00 til 8:30 og morgunverðar- og hádegishlé lengd frá því sem var.

5.2 Námstækni

Nemendur á 1. ári fá nú einnar einingar skipulags- og námstækni áfanga. Markmiðið er m.a. að aðstoða nemendur við að halda utan um og skipuleggja vinnu sína við námið og gera þá hæfari til að vinna í sveigjanlegu námsumhverfi. Áætlað er að í framtíðinni taki allir nýnemar svona áfanga á fyrstu önn.

5.3 Angel

Til að bregðast við þeirri staðreynd að nokkrir nemendur eru ennþá lítið farnir að nota kennsluumsjónarforritið Angel var settur inn spurningaleikur fyrir nemendur í fyrstu viku vorannar. Þetta kallaði á það að nemendur þurftu að fara inn í Angel á hverjum degi. Með þessu sáum við hverjir voru óvirkir, auk þess sem þetta hentaði vel til að koma þeim nýju nemendum sem bættust í nemendahópin um áramót upp á lag með að nota Angel.

5.4 Valnámskeið

Það voru nokkuð háværar raddir hjá nemendum um fjölbreyttara námsframboð og að tilbreytingu vantaði í skóladaginn. Ingvar Sigurgeirsson tók m.a. undir þessar

athugasemdir nemenda. Því kom upp hugmynd að því að vera með fjölbreytt úrval af stuttum valnámskeiðum og gætu nemendur tekið 1-3 mismunandi námskeið á önninni. Var þar áhersla á verk- og listgreinar. Þetta var ekki síst hugsað til þess að koma á mótis við þarfir nemenda á almennu brautinni. Ætlunin var að koma sem mestu af þessum námskeiðum inn á skóladaginn og leita út fyrir skólann með hluta af námskeiðunum. Áhugi nemenda var kannaður og voru undirtektir góðar. Af ýmsum ástæðum varð reyndin þó sú að einungis var farið af stað með 4-5 námskeið, en þátttaka í þeim er góð. Kom ýmislegt til, m.a. stuttur fyrirvari. Við teljum þó afar brýnt að halda hugmyndinni til haga og leggja meiri vinnu í að útfæra hana fyrir næsta skólaár.

5.5 Tvö kerfi

Nokkrir erfiðleikar komu upp þar sem verið er að reka tvö kerfi í skólanum á sama tíma, þ.e. sveigjanlegt námsumhverfi á 1. ári og hefðbundið áfangakerfi á 2.-4. ári. Í nokkrum áföngum er sambland af 1. árs nemum og eldri nemendum. Ekki var gerlegt að taka eldri nemendurnar inn í nýja námsumhverfið í öllum tilfellum, þar sem ekki var pláss fyrir svo marga í vinnustofu. Því eru 2-3 áfangar kenndir í hefðbundna kerfinu þó þar sé hluti nemenda á 1. námsári. Þetta fyrirkomulag virðist bitna á vinnustofum að því leyti að sveigjanleiki minnkar og færri kennarar koma að þeim.

6. Framtíðin

6.1 Kynningarmál

Mikilvægt er að standa vel að kynningarmálum og þurfum við að huga vel að því á allra næstu vikum og mánuðum. Við erum ekki að finna upp hjólið hér en erum að gera tilraunir sem aðrir skólar munu örugglega líta til í framtíðinni. Það ætti að vera okkur hvatning að geta miðlað til annara af okkar reynslu og til þess þurfum við að vera sýnileg. Til þess að geta unnið áfram að verkefninu þurfum við líka stuðning yfirvalda menntamála og því nauðsynlegt að þau eigi greiðan aðgang að upplýsingum um það sem verið er að gera.

Ábending kom frá Ingvari Sigurgeirssyni um mikilvægi þess að halda úti lifandi heimasíðu, enda væri hún sennilega sá upplýsingamiðill sem væntanlegir nemendur kynntu sér mest þegar þeir væru að velja sér framhaldsskóla. Veltum fyrir okkur þeim möguleika að fenginn verði starfsmaður í hlutastöðu til að sjá um heimasíðuna og hafa yfirumsjón með kennluumsjónarkerfinu Angel.

Eitt markmið verkefnisins er líka að auka aðsókn að skólanum. Þar sem námsumhverfi hér er frábrugðið öðrum skólum er mikilvægt að kynna það vel fyrir væntanlegum nemendum og forráðamönnum þeirra.

6.2 Kjaramál

Þær breytingar sem verið er að gera á starfi og starfsumhverfi kennara eru það veigamiklar að þær kalla á endurskoðun kjarasamnings. Mikilvægt er að fara að huga að því hvort

6.3 Upplýsingatækni – samskipti

Það hefur frá upphafi verið mikil áhersla hjá verkefnastjórninni á meiri og betri notkun upplýsingatækni í skólastarfinu, bæði hvað varðar kennslu og allt upplýsingaflæði. Við teljum þetta eina meginforsendu þess að þær breytingar sem við ætlum að gera nái fram að ganga.

Ljóst er að til þess að upplýsingatæknin verði lifandi þáttur í skólastarfinu er nauðsyn að bæta tækjakost skólans og vinna enn frekar í að tölvusambandið verði stöðugt og afkastameira. Eins þarf að tryggja að það nái til allra starfsstöðva skólans.

6.4 Stundatöflusmíði fyrir næsta ár

Alla önnina hafa skipulagsmál og fyrirkomulag stundaskrár verið mikið í umræðunni. Í ljósi reynslunnar af þessu skólaári sjáum við nauðsyn þess að byrja snemma að huga að stundatöflusmíði fyrir næsta ár. Það eru margir þættir sem þarf að taka tillit til og samræma til að vel takist til. Þar sem allir nemendur skólans eiga að ganga inn í þetta kerfi á næsta skólaári þarf að aðlaga kerfið að því. Það er vel gerlegt að setja saman viðmiðunarstundaskrá fyrir skólalok í vor. Við teljum að þar sem við erum í þróunarverkefni á viðkvæmu stigi sé rétt að fara þá leið að hugsa útfærslu kerfisins á næsta skólaári út frá fyrirfram gefnum forsendum, t.d. hvað varðar nemendafjölda. Við höfum í vor nokkuð góðar upplýsingar um það hverjir af okkar eldri nemendum muni koma aftur og síðan verði ákveðið fyrirfram hvað taka eigi marga nemendur inn.

6.5 Umsjónarkerfi sem hluti af námsumhverfinu

Þetta breytta námsumhverfi og kennsluhættir snerta nánast alla þætti skólastarfsins. Eitt af því sem við teljum að skarist mikið við þær breytingar sem verið er að gera er umsjónarþátturinn. Við teljum því eðlilegt að hann verði endurskoðaður sem hluti af nýju námsumhverfi.

6.6 Endurmenntun

Mjög brýnt er að huga að er endurmenntun starfsfólks. Vinna þarf markvisst að því að gera andrúmsloftið þannig að starfsmenn sækist eftir því að afla sér endurmenntunar og skólinn styðji þá og hvetji. Þar sem það er augljóst að samhliða þessu þróunarverkefni um breytt námsskipulag munu kennarar einnig fara í sín eigin þróunarverkefni í kennsluáferðum og námsmati er afar mikilvægt að þeir fá tækifæri og hvatningu til að sækja sér endurmenntun á því sviði.

Þar sem öll stofnunin er að ganga í gegnum breytingaferlið saman teljum við þó brýnast núna að fara í náms- og kynnisferð sem allir starfsmenn taka þátt í. Því þó beytingarnar séu mestar á verksviði kennaranna er stuðningur og áhugi allra í hópnum nauðsynlegur. Í kynnisferð starfsmanna í Framhaldsskóla Snæfellinga síðast liðið vor, voru það ekki síður aðrir starfsmenn en kennarar sem hrifust af því sem við sáum þar og voru áfram um að fara út í þetta þróunarverkefni í sinni stofnun.

Við teljum nauðsynlegt að starfsmenn skólans fari saman í námferð til að kynna sér skóla sem vinna eftir svipaðri hugmyndafræði og við erum að innleiða. Þetta er mikilvægt til að vekja fólki eldmóð og efla samstöðu fólksins. Það kom m.a. fram í samtölum við Ingvar að mikilvægt sé að sem allra flestir starfsmenn taki þátt í svona ferð.

6.7 Félagslíf – heimavist

Verkefnið felur í sér viðamiklar breytingar á námsumhverfi nemenda og skólabragnum. M.a. er reiknað með samfelldum skóladegi og að nemendur geti lokið sem mestu af námi sínu innan þess tíma. Þannig hafi þeir meiri tíma til að sinna tómsundum og íþróttastarfi. Þar sem nemendur búa í litlu, þéttu samfélagi þar sem yfir 90% nemenda er á heimavist þarf að hlú vel að þeim þætti. Spurning er hvort mögulegt sé að taka hluta félagslífsins inn í námið og daglegt skólastarf, þannig að það sé metið sem hluti af náminu. Þetta væri líka partur af því að koma á móts við þær kröfur nemenda að auka fjölbreytni í náminu og að brjóta upp skóladaginn.

6.8 Sérkennsla

Við teljum mikilvægt að huga betur að sérkennsluúrræðum. Alltaf er nokkur hópur nemenda, og þá aðallega á almennu brautinni, sem glímur við verulegan námsvanda og þarf á sérkennslu að halda. Það er brýnt að skólinn geti veitt þessum einstaklingum þá þjónustu sem þeir þurfa og þeim ber. Þetta sveigjanlega námsumhverfi og persónubundna námsáætlun er sérstaklega vel til þess fallið að koma við sérkennslu sem eðlilegum hluta af skólastarfinu og skóladeginum. Við viljum því leggja áherslu á að unnið verði að því eins og kostur er að undirbúa vel skólavist og nám þeirra nemenda sem við hvað mestan námsvanda eiga að etja, m.a. með því að skipuleggja sérkennslu fyrir þá og sækju um fjárveitingu til sérkennslunnar.

6.9 Kennsluhættir

Með þessu verkefni er verið að breyta námsumhverfi og kennsluháttum mikið frá hinu hefðbunda framhaldsskólakerfi. Við teljum að framhaldsskólar landsins muni í náinni framtíð huga meira að skólaþróun og hugsanlega feta inn á svipaðar brautir og við erum að gera núna. Hér gætum við byggt upp mikilvæga reynslu sem nýst gæti öðrum í framtíðinni og við orðið fyrirmynd annara. Erum við því að skoða kosti þess og galla við að óska eftir því við Menntamálaráðuneytið að við verðum tilraunaskóli í nýjum kennsluháttum.

Lokaorð

Það er mat okkar í verkefnastjórninni að sú þróunarvinna sem unnin hefur verið við innleiðingu breytts námsumhverfis hafi verið gríðarlega skemmtileg og gefandi. Sú faglega umræða sem þetta hefur kallað fram blæs nýju lífi í starfsemi skólans og starfsmennina sem þegar eru farnir að taka þátt í verkefninu.

Við höfum þurft að bregðast við ýmsum uppákomum, bæði fyrirsjáanlegum og óvæntum.

Ekki allir sannfærðir ennþá, en við skynjum mestu jákvæðnina hjá þeim sem mestan þátt taka.

Við teljum okkur sjá mjög góðan árangur hjá stórum hluta nemenda. Okkar mat er að við kynnumst nemendum okkar fyrir og erfiðleikar nemenda með námsvanda komi fyrir í ljós. Við teljum þetta fyrirkomulag einmitt henta mjög vel til þess að veita þeim betri þjónustu.

Með þróunarverkefninu *sveigjanlegt námsumhverfi - persónubundin námsáætlun* erum að leggja upp í langa ferð því það tekur tíma að breyta stofnum sem byggir á langri hefð. Á þeirri ferð þurfum við að staldra reglulega við og meta stöðuna. En við verðum líka alltaf að halda áfram. Megináherslan á næstu vikum er að hefja undirbúning að því að taka allan skólann inn í þetta sveigjanlega námsumhverfi um leið og hvatning og stuðningur til endurmenntunar kennara er mikilvægur.

Það er ekki efi í huga okkar í verkefnastjórninni að við séum að gera rétt með því að halda ótrauð áfram. Það muni vera ávinningur fyrir nemendur okkar og skólann í heild. Með því að stíga skrefið til fulls munum við skapa skólanum sérstöðu og gera hann eftirsóknarverðari sem vinnustað, bæði fyrir nemendur og starfsfólk.

Laugum 14. febrúar 2007

Arnór Benónýsson

Hallur B. Reynisson

Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir